

Skýrsla fræðslunefndar fyrir starfsárið 2018.

Fræðslunefnd starfsárið 2018 skipuðu:

Gísli H. Friðgeirsson
Guðmundur Breiðdal
Sveinn Axel Sveinsson
Þorsteinn Guðmundsson
Örlygur Steinn Sigurjónsson

Tveir fundir voru haldnir auk annarra samskipta fræðslunefndar.

Fyrri fundur fræðslunefndar 22.3.2018.

Fundarmenn ræddu yfirstandandi þjálfun og undirbúning 3* hóps fyrir próf hjá BC kennaranum Dr. Steve Banks í lok maí. Einnig var áætlun Kajakskólans fyrir sumarið 2018 kynnt og vangaveltur um innlent kerfi fyrir þjálfun og mat á færni voru ræddar.

Síðari fundur fræðslunefndar 5.12.2018.

Farið var yfir 3ja stjörnu verkefnið, sem lauk með námskeiði og prófi um mánaðamótin maí/júní 2018. Sagt var frá starfi Kajakskólans sumarið 2018. Rætt var um þjálfunarkerfi nágrannaþjóða, leiðir til að ná til unglunga með sportið, þörf fyrir þjálfunaraðstöðu straumræðara og að mikilvægt sé að Reykjavíkurborg geri ráð fyrir sjósport í skipulagi sínu.

Fræðslufundur 26.4.

Bóklegt efni fyrir 3* hópinn og aðra félagar var haldinn í sal hjá SÍL og félagar skiptu efninu með sér.

Umræðufundur 24.5. með Dr. Steve Banks.

Rætt var um BC og eigið innlent kerfi, sem Steve telur að hafi mikla kosti. Jón Pétur hjá Siglingasambandi boðaði til fundarins og stjórnaði honum í sal hjá ÍSÍ.

Þjálfun og próf 3ja stjörnu hóps.

Haldnir voru þjálfunardagar um veturinn samhliða félagsróðrum. Skipulag þjálfunar var á hendi Gísla H. F. en nokkrir færir félagar komu til aðstoðar og tóku að sér þjálfun af og til. Um 15 manna hópur var með með í þjálfuninni að meira eða minna leyti og 8 luku 3ja stjörnu prófi fyrir sjókajak og hafa fengið vottorð frá British Canoeing. Hópurinn okkar stóð sig vel, en veltan var veikasti þátturinn, enda lítið um sundlaugaæfingar þennan vetur. Gísli og Örlygur fylgdust með þjálfun og prófun hópsins á sjó og var það gagnleg reynsla.

Námskeið Kajakskólans.

Starfsemi Kajakskólans var í góðu samráði við Kayakklúbbinn. Námskeiðin voru haldin við Geldinganes, þegar það rakst ekki á starf klúbbsins, búningsklefar og sturtur voru notuð en allur búnaður er frá Kajakskólanum. Alls voru haldin 2 framhaldsnámskeið (10 nemendur) og 22 byrjendanámskeið (109 nemendur) og þar af var eitt surfskiðanámskeið.

Annað.

Gísli og Andri hafa átt fundi með Jóni Pétri hjá SÍL um EPP kerfið sem notað er á Norðurlöndum og er sambærilegt við kerfi BC. (Sjá kynningu á EPP hér á eftir). Gísli mætti einnig á fund stjórnar til að kynna EPP kerfið og mögulega innleiðingu þess. Gísli hefur hvatt íþróttafélagið Fjölni til að nota þá góðu aðstöðu sem Grafavogur hefur til að stofna kajakdeild fyrir unglunga og sent þeim kynningu.

F.h. fræðslunefndar,
Gísli H. Friðgeirsson.

EPP kerfið.

Euro Paddle Pass (EPP) er kerfi til viðmiðunar fyrir færni í greinum róðrasports fyrir kajakk/kanó og eru landsambönd 11 Evrópulanda aðilar. Aðildarlöndin eru Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Bretland, Írland, Ítalía, Noregur, Slóvenía, Svíþjóð og Sviss.

Fulltrúar landanna hittast á fundum og samþykkja *EPP staðla*, sem eru kröfur gerðar til ræðara á viðkomandi stigi og róðrargrein. Aðildarlöndin eru hver með sitt kerfi fyrir þjálfun, próf, skráningu réttinda og annað og ræðarar sem standast prófin eru á sama færnistigi í hvaða landi sem er. Kerfi hvers lands er tekið út sameiginlega áður en það hlýtur samþykki.

Ef við berum þetta saman við BC-kerfið þá þarf alltaf sérstakt leyfi frá BC til að halda próf utan UK og stundum leyfi til að þjálfun verði samþykkt. Prófdómarar og stundum einnig þjálfarar þurfa að vera hluti af kerfi BC og sækja öll námskeið til þeirra, greiða þarf gjöld til BC og skrifstofa BC gefur út og geymir öll skírteini. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að færni EPP og BC ræðara geti verið sambærileg, það er kröfurnar geta verið nær eins.

Með aðferð EPP geta þjálfarar og allt kerfið verið hluti af íþróttahreyfingu hvers lands. Sérstök þjálfun kennara þyrfti þó líklega að fara fram erlendis vegna smæðar okkar.

EPP vefsíðan: <http://www.europaddlepass.eu/>

Danska síðan: <http://kano-kajak.org/roeruddannelse-ipp/>